

101. fundur stjórnar VMÍ
Haldinn á myndsíma
Fimmtudaginn 8.nóvember 2018 kl.18.45
Fundargerð



Mætt voru: Þórunn Sif Harðardóttir formaður, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Friðrik Einarsson og Margrét Ólafsdóttir. Siguróli Magni Sigurðsson komst ekki.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Erindi frá forstöðumanni Hlíðarfjalls

Innsend beiðni frá Hlíðarfjalli um styrk, til að senda starfsmenn á ráðstefnu um snjófljóð og varnir gegn þeim, var tekin fyrir. Málið var rætt og samþykkt að veita málefninu styrk sem nemur námskeiðsgjaldinu að upphæð kr.285.000.-

3. Heimasíða VMÍ

Málefni heimasíðunnar voru rædd. Ákveðið að næsta skref sé að hafa samband við Stefnu um hvað þarf til að koma á tengingu við fréttaveitu. Stofna aðganga fyrir stjórnarmenn sem fara í að setja efni á síðuna.

4.Önnur mál

Greinargerð barst frá SKÍ vegna styrks til námskeiðshalds. Umfjöllun um málið var frestað til næsta fundar.

Dagsetning fyrir vinnufund var ákveðin fimmtudaginn 15.nóvember kl.17.10. Á dagskrá verður

Úthlutunarreglur, heimasíðumál og framtíðarsýn.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl.19.20

Skv. 1.gr. Vetrariþróttamiðstöð Íslands, VMÍ, er þjónustustofnun sem hefur það meginhlutverk að efla vetrariþróttir, íþróttafræðslu og útivist og stuðla þannig að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings, svo sem skólafólks, fatlaðra og keppni- og afreksfólks í íþróttum með hefðbundnar vetrariþróttir, íþróttafræðslu og útivist að leiðarljósi